

Mál nr. 434/2022

Nafn málskotsaðila M

Nafn varnaraðila V

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

### Sakarskipting. Biðskylda.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 29. desember 2022.
2. Bréf V dags. 30. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V dags. 24. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.

### Málsatvik.

Hinn 21. nóvember 2022 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem M ók umrætt sinn, á Reykjavíkurvegi til suðurs við gatnamót Álftanesvegjar. Aðilum bar ekki saman um tildrög árekstursins, en samkvæmt skýrslu Aðstoðar & öryggis sem kvatt var á vettvang er haft eftir öikumanni A að hann hafi ekið suður Hafnarfjarðarveg yfir gatnamót Álftanesvegjar á hægri akrein. B hafi verið ekið af aðrein gegn biðskyldu frá Álftanesvegi hægra megin við A. A hafi þá sveigt til vinstri en það ekki dugað til og B hafi því ekið á A. Hins vegar er haft eftir öikumanni B að hann hafi ekið af aðrein frá Álftanesvegi inn á hægri akrein Reykjavíkurvegjar. Hann hafi ekið 10-20 metra, jafnvel lengra, frá gatnamótunum þegar A hafi ekið frá vinstri akrein og yfir á þá hægri á mikilli ferð með þeim afleiðingum að árekstur varð. Ljóst sé að M hafi bara verið að skipta um akrein til að komast áfram en mikil umferð hafi verið á vinstri akreininni.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að B bæri alla sök á árekstrinum þar sem honum hefði borið að veita allri umferð um Reykjavíkurveg forgang.

M er ósáttur við þau málalok og vísar í málskoti til framburðar síns í framangreindri skýrslu. A hafi verið á töluverðum hraða og ætlað að stinga sér fram fyrir B með þeim afleiðingum að árekstur varð og sé með ólíkindum að A beri þá ekki sök á árekstrinum. B hafi þá ekið varlega og aðeins verið á um 30 kílómetra hraða á klukkustund í aðdraganda áreksturs.

V, sem var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

### Álit.

Óumdeilt er að í aðdraganda umrædds áreksturs ók B inn á Reykjavíkurveg frá Álftanesvegi. Forgangur umferðar um Reykjavíkurveg á umræddum stað er gefinn til kynna með biðskyldumerki, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, en þar segir að þegar ekið er inn á veg eða yfir veg skuli ökumaður veita umferð ökutækja, gangandi og hjólandi á þeim vegi forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu. Aðila greinir hins vegar á um hvar á veginum áreksturinn atvikaðist og hvort B hafi ekið í veg fyrir A eða hvort A hafi skipt um akrein og ekið á B. Samkvæmt framburði A reyndi hann að sveigja frá og til vinstri en það hafi ekki dugað til til að forða árekstri. Engin frekari gögn, vitnaframburðir eða annað liggja þá fyrir er styðji við þá frásögn M að A hafi skipt um akrein í veg fyrir B í þeim tilgangi að komast fram fyrir B. Þar sem það er hins vegar ljóst í málinu er að B bar að veita allri umferð um Reykjavíkurveg forgang og eins og mál þetta horfir við nefndinni verður að telja að hann hafi ekki gætt nægilega að þeim áskilnaði og að það hafi orsakað árekstur aðila.

### Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 22. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir